



Úttekt

Málsnúmer: 2020060170

Búið til: 06/09/2020

Eigandi skjals: Ásgeir Björnsson

Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar:	06/08/2020	Tími ferðar:	14:45 - 15:15
Fulltrúi HER:	Ásgeir Björnsson/BV/RVK/IS	Fulltrúi HER sem fór með:	
Tílefni skýrslu:	Úttekt		
Fyrirtækjaflokkur:	45.11 Niðurrif bygginga, jarðvegsvinna		

Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis:		Kennitala leyfishafa:	311064-7119
Heiti leyfishafa:	Ágúst Guðnason	Staður leyfishafa:	Skálahlíð 27
Hvert eftirlitsferð var farin:		Staða reiknings:	Reikningsfært
		Númer reiknings:	20060044

Athugasemdir

Skýringar á hugtökum :

Frávik eru skráð ef um er að ræða skýr brot á ákvæðum starfsleyfis eða laga og reglugerða er um starfsemina gilda. Um er að ræða frávik sem fylgt er sérstaklega eftir við eftirfylgni .

Ábending er skráð ef ekki er skýrt að um frávik sé að ræða en um er að ræða ástand sem heilbrigðisfulltrúi telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar , umhverfisverndar og öryggis.

Athugasemdir :

Heilbrigðiseftirlitið kom í skoðunarferð vegna tilkynningar um mögulegt niðurrif á þakefni úr asbest við Ægisíður 111. Þegar komið var á vettvang kom í ljós að það var búið að reisa stillansa við húsið og verið að vinna að því að brjóta þakkant á húsinu. Rætt var við Ágúst Guðnason framkvæmdaraðila og kom fram að það væri fyrirhugað að sækja í kjölfarið um leyfi fyrir niðurrifi á þakplötum á húsinu, ca. 110 m². bæði hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og Vinnueftirlitinu . Athafnasvæðið var skoðað í fylgd Ágúst, og umsókn um starfsleyfi fyllt út á staðnum. Myndir voru teknar.

- Farið var yfir verklag við niðurrifið . Aðeins Ágúst, sem hefur réttindi frá Vinnueftirlitinu til að meðhöndla asbest, mun vinna við niðurrifið. Það er eftir að fá samþykki Vinnueftirlitsins á verkáætlun við niðurrifið. Heilbrigðiseftirlitið getur aðeins veitt starfleyfi fyrir niðurrifinu þegar samþykki Vinnueftirlitsins hefur verið fengið. **Ábending.**
- Lagt er til að íbúar og nágarnar verða upplýstir um niðurrifið, svo þeir hafi tækifæri til að loka gluggum þegar niðurrif fer fram. **Ábending.**
- Svæði þar sem unnið er við niðurrif eða viðhald skal lokað af á öruggan hátt fyrir óviðkomandi. Setja skal upp viðvörðunarskilti með eftirfarandi texta : "VARÚÐ. Asbestvinna. Óviðkomandi bannaður aðgangur." **Ábending.**
- Asbestið verður plastað jafnóðum og það er fjarlægt af þakinu og geymt á stillansa áður en farið er með það í spilliefnamóttöku.
- Þakið verður skermað af með fjöllum við þakkanta, svo asbestbrot falli ekki af þaki til jarðar .
- Forðast skal rykmyndun eftir ýtrustu getu og bleyta í með vatni eftir þörfum. Það á að vinna að niðurrifinu þegar það er lítið vindur og veðurspá hagstæð. **Ábending.**
- Byggingarefni sem er í snertingu við asbest og á að farga ber að farga sem asbest. **Ábending.**
- Það á að klára niðurrif á asbesti og hreinsun eftir það áður en hægt er að hefja aðrar framkvæmdir á þakinu. **Ábending.**
- Ágúst vill flytja asbestið í kerru til viðurkennda móttöku fyrir spilliefni , væntanlega Sorpu í Álfsnesi. Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á því að flutningsaðili þarf að vera með starfsleyfi

fyrir flutningi spilliefna fyrir farm sem er meira en 50 kg, skv. 10 gr. reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni (<https://bit.ly/3bZxQif>). **Ábending.**

- Það á að skila niðurrifsskýrslu ásamt afriti að kvittunum frá móttökuaðila fyrir asbestið til heilbrigðiseftirlitsins þegar niðurrifinu er lokið . Eyðublað fyrir niðurrifsskýrslu má finna aftast í meðfylgjandi starfleyfisskýrðum fyrir niðurrífi húsa . **Ábending.**

Kröfur

Niðurstaða eftirlits

Á einungis við starfsleyfiskyld fyrirtæki í Reykjavík . Niðurstaða er birt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að loknum andmælarétti . Jafnframt er hægt að óska eftir að fá eftirlitsskýrslu senda

- 5 - Kröfur uppfylltar / fáeinar ábendingar
- 4 - Fáein frávik / ábendingar
- 3 - Frávik / ábendingar
- 2 - Aðkallandi frávik / ábendingar
- 1 - Starfsemi takmörkuð / stöðvuð að hluta
- 0 - Starfsemi stöðvuð

Hollustuhættir:
Matvæli:
Mengunarvarnir:
Heildareinkunn: